



ÞJÓNUSTUSAMNINGUR
AKUREYRARBÆJRA OG
KNATTSPYRNUFÉLAGS AKUREYRAR
2024 – 2028

Þjónustusamningur

Akureyrarbær, kt. 410169-6229 og Knattspyrnufélag Akureyrar (í samningi þessum nefnt KA), kt. 700169-4219 gera með sér samning um þjónustu sem félagið leggur fram í bæjarféluginu.

I. Markmið samnings

1.gr.

Markmið Akureyrarbæjar með samningnum er að stuðla að því að öll börn og ungmanni eigi þess kost að iðka heilbrigð og metnaðarfullt íþróttta- og tómstundastarf við sem hagstæðust skilyrði óháð efnahag fjölskyldna.

Aðalstjórn KA ber ábyrgð á framgangi samningsins og fær til þess fast framlag sem ákvarðað er við gerð fjárhagsáætlunar Akureyrarbæjar ár hvert, skv. 5. gr.

II. Þjónustuframlag KA

2.gr.

KA býður upp á skipulagða íþróttabjálfun á Akureyri og veitir öðrum nauðsynlega þjónustu sem óska eftir að nýta sér þjónustu KA. Auk hefðbundins þjónustuframlags deilda félagsins í skipulagðri íþróttabjálfun er KA tilbúið til samstarfs við hlutaðeigandi aðila um rekstur íþróttaskóla fyrir börn í 1.-4. bekk grunnskóla, sbr. fylgiskjal nr. 1.

3.gr.

KA skal reka skrifstofu sem hefur yfirstjórn með faglegu starfi félagsins í samstarfi við framkvæmdastjóra félagsins og hefur það hlutverk að halda utan um skipulagt starf félagsins, fjáreiður og bókhald mannvirkja og deilda þess eins og lög um bókhald gera ráð fyrir. Önnur verkefni skrifstofu og hlutverk KA eru gerð skil í fylgiskjali nr. 1.

4. gr.

KA fær til úthlutunar tíma í íþróttamannvirkjum Akureyrarbæjar í samræmi við tímaúthlutunarreglur ÍBA og Akureyrarbæjar.

III. Framlög og greiðslur

5.gr.

Framlag Akureyrarbæjar til KA samkvæmt samningi þessum er í samræmi við „Forsendur fyrir framlagi til faglegs starfs íþróttafélaga“ skv. fylgiskjali nr. 2.

Árið 2019 er framlag til KA skv. flokki XIII (1500-1599 iðkendur), alls **kr. 15.750.000.** Framlagið er endurskoðað árlega m.t.t. breytinga á iðkendafjölda/forsendum sbr. fylgiskjal nr. 2.

Þessar fjárhæðir eru með fyrirvara um framlög úr bæjarsjóði á fjárhagsáætlun hvers árs.

Greiðslur fyrir þjónustuna á hverju ári skal greiða fyrirfram, mánaðarlega, í tólf jöfnum greiðslum og skal síðasti virki dagur hvers mánaðar teljast gjalddagi.

Skilyrði fyrir greiðslum er að KA hafi staðið skil á ársreikningi og ársskýrslu til Akureyrarbæjar og Íþróttabandalags Akureyrar í samræmi við samning þennan.

6.gr.

Verði veruleg breyting á forsendum, taka aðilar upp viðræður um breytingar á framlagi Akureyrarbæjar og umfangi verkefna í því skyni að laga þau að breyttum aðstæðum. Breytingar skulu þó ávallt vera gerðar með 6 mánaðar fyrirvara. KA á ekki kröfу á bæjarsjóð eða rétt á bótum þótt framlag Akureyrarbæjar til samningsins skv. 6.gr. verði lækkað eða fellt niður samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar. Sbr. 14.gr. skal Akureyrarbær gefa KA sex mánaða fyrirvara og getur ekki fellt niður eða breytt framlagi sínu fyrr en að þeim tíma liðnum.

IV. Gæðaviðmið

7.gr.

KA skal starfa í samræmi við stefnuyfirlýsingu ÍSÍ um íþróttir barna og unglings og hafa áætlun í fræðslu- og forvarnarmálum. Félagið skal starfa eftir íþróttastefnu Akureyrarbæjar, íþróttanámskrá Íþróttabandalags Akureyrar og fyrirmyn darfélaga ísí.

Bjóða skal upp á faglegt starf sem tekur mið af grunnþáttum barnvænna sveitarfélaga, sjá <http://barnvaensveitarfelog.is/barnvaen-samfelog/grunntaettir-barnvaenna-sveitarfelaga/>

Forstöðumaður íþróttamála hjá Akureyrarbæ og Íþróttabandalag Akureyrar fylgjast með að farið sé eftir gæðaviðmiðum, sjá fylgiskjal nr. 3.

V. Upplýsingaskylda KA og önnur ákvæði

8.gr.

Í síðasta lagi í júní ár hvert skal KA skila ársreikningi og ársskýrslu síðasta starfsárs um starfsemi félagsins til Íþróttabandalags Akureyrar og forstöðumanns íþróttamála sem eru eftirlitsaðilar með samningi þessum af hálfu Akureyrarbæjar (sjá tillögur að efnistökum ársskýrslu í fylgiskjali nr. 4). Í ársskýrslunni skal tilgreint hvernig framlagi þessa samnings var varið.

Bókhald barna- og unglingastarfs og meistara- og eldri flokka skal vera aðskilið.

10.gr.

Samningur þessi fellur undir „Reglur um styrkveitingar Akureyrarkaupstaðar“. Ákvæði þeirra reglna gilda fyrir þennan samning.



Í samræmi við mannréttindastefnu Akureyrarbæjar skal skipað þannig í nefndir, ráð og stjórnir þeirra félaga sem hafa fasta styrktarsamninga við Akureyrarbæ að þess sé gætt að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki undir 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða. Ef kynjahlutfall er ekki samkvæmt stefnunni í dag, skal félagið gæta þess næst þegar skipað er í nefndir, ráð og stjórnir félagsins að það uppfylli ákvæði mannréttindastefnu Akureyrarbæjar.

11.gr.

KA getur óskað leiðréttigar á rekstrarframlagi á grundvelli framlagðra gagna varðandi fjölgun iðkenda.

12.gr.

Verði verulegar vanefndir eða forsendubrestur af hálfu annars hvors samningsaðila er heimilt að segja samningi upp með 3ja mánaða fyrirvara að undangenginni skriflegri áminningu um úrbætur. Ef ágreiningur kemur upp milli samningsaðila skulu þeir leita sátta sín á milli. Ef annar hvor aðilinn telur samning þennan brotinn skal reka málið fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra.

14.gr.

Samningur þessi gildir frá 1. janúar 2024 og til 31. desember 2028 eða þar til annar hvor samningsaðili óskar eftir endurskoðun/uppsögn með sex mánaða fyrirvara.

15.gr.

Samningur þessi telst fylgiskjal við samstarfssamning milli Akureyrarbæjar og Íþróttabandalags Akureyrar. Verði gerðar breytingar á þeim samningi telst samningur þessi fylgiskjal nýs samstarfssamnings.

Akureyri, 18. janúar 2024

F.h. Knattspyrnufélags Akureyrar

Sævar Pétursson framkvæmdarstjóri

F.h. Akureyrarbæjar



Ásthildur Sturludóttir bæjarstjóri

Vottar að réttri dagsetningu og undirskrift aðila:

Nafn og kennitala

Jón Þómason 121175-3719
Ólafur Ólafsson 120975-5529

Fylgiskjal 1 - Helstu verkefni KA

Faglegt starf

- Að sjá um gerð starfsskýrslu ÍSÍ, sem send er til Íþróttabandalags Akureyrar og forstöðumanns íþróttamála.
- Að stuðla að auknu samstarfi einstakra deilda félagsins og/eða annarra íþróttafélaga varðandi skipulag, fjáraflanir, nýtingu á æfingatíma og annars íþróttastarfs.
- Skipuleggja íþróttastarf fyrir börn og unglings þar sem hreyfing, gleði og ánægja fyrir öll börn er í fyrirrúmi.
- Setja upp æfingatöflu fyrir næsta starfsár sem skal liggja fyrir í byrjun ágúst ár hvert.
- KA skal vera viðurkennt af ÍSÍ sem fyrirmynndafélag og starfa samkvæmt þeim gæðakröfum sem ÍSÍ gerir til fyrirmynndafélaga. Sé félagið ekki fyrirmynndarfélag fær það aðlögunarfrest í 2 ár til að uppfylla þær kröfur sem ÍSÍ gerir til fyrirmynndafélaga.
- KA skal samhæfa starf deilda félagsins og efla samstarf milli deilda m.a. með það að markmiði að börn og unglings geti stundað fleiri en eina grein á vegum félagsins án íþyngjandi kostnaðar né tímaþrengjandi skipulags.
- Félagið skal eftir fremsta megni tryggja öllum börnum og unglungum sem það vilja, aðgang að starfsemi félagsins.
- KA skuldbindur sig til samstarfs við Akureyrarbæ um notkun rafræns skráningar- og greiðslukerfis vegna útteilingar frístundastyrks iökenda.
- Þjálfarar, stjórnarmenn og starfsmenn KA skulu starfa eftir hegðunarviðmiðum og siðareglum ÍSÍ og ÍBA.


Forvarnir

- Starfsemi KA skal uppfylla þau ákvæði í *Jafnréttisstefnu Akureyrarbæjar, Forvarnastefnu Akureyrarbæjar og Aðgerðaáætlun Akureyrarbæjar gegn kynbundnu ofbeldi og ofbeldi gegn börnum* þar sem kveðið er á um skyldur félaga og félagasamtaka sem þiggja styrki frá Akureyrarbæ.
- Sérstök áhersla skal lögð á forvarnarstarf gegn einelti og hvers konar notkun á fíkniefnum í öllu starfi á vegum félagsins m.a. í samvinnu við forstöðumann forvarna- og frístundamála hjá Akureyrarbæ samkvæmt forvarnarstefnu Akureyrarbæjar.
- Í samstarfi við forvarna- og frístundadeild Akureyrarbæjar vinnur KA að skipulagningu árlegrar forvarnafræðslu fyrir alla þjálfara og starfsmenn félagsins. Fræðslan skal m.a. snúa að barnavernd, ofbeldi, kynferðislegri áreitni og kynferðisofbeldi.
- KA skal setja sér siðareglur og gera viðbragðsáætlun þar sem er að finna verkferla sem skal fylgja þegar upp koma atvik eða áföll sem kunna að hafa áhrif á starf félagsins. Viðbragðsáætlunin skal ná til iökenda, stjórnenda, starfsmanna, sjálfboðaliða og annarra ábyrgðaraðila innan félagsins.

- Siðareglur og viðbragðsáætlun félagsins skulu vera aðgengilegar á heimasíðu félagsins.

Íþróttaskóli – samfelldur vinnudagur barna

- KA lýsir sig reiðubúið að vinna með Akureyrarbæ við að koma á æfingum í samfelli við skólastarf hjá yngstu iðkendunum.



Two handwritten signatures are present in blue ink. The first signature on the left is enclosed in a circle and appears to read 'B'. The second signature on the right is more fluid and appears to read 'AK'.

Fylgiskjal nr. 2: Forsendur fyrir framlagi til faglegs starfs aðildarfélaga ÍBA

Framlag til KA árið 2024 er skv. flokki XIII (1500-1599), alls kr. **15.750.000.**

Framlög eru endurskoðuð árlega m.t.t. breytinga á iökendafjölda/forsendum sbr. eftirfarandi:

Forsendur fyrir framlagi til faglegs starfs aðildarfélaga ÍBA:

- Iðkendatölur miðast við fjölda iökenda á aldrinum 5-19 ára hjá aðildarfélögum ÍBA, þ.e. börn og unglings sem eru á 5 til og með 19 ári í júní-desember innan tímabilsins frá 1.júní til og með 31. maí ár hvert.
- Iðkendatölur eru unnar af ÍBA og forstöðumanni íþróttamála úr skráningum í rafrænu skráningarkerfi (t.d. Sportabler) og nær yfir skráða iðkendur á tímabilinu 1. júní til 31. maí sem hafa greitt æfingargjöld vegna skipulagðar starfsemi sem teygir sig umk 10 vikna tímabil, s.s. haustönn, vorönn, sumarönn eða allt árið.
- Ekki eru taldir iðkendur sem eru skráðir á/í námskeið/skóla sem félögin eru að bjóða uppá samhliða skipulögðum æfingum. Vorskráningar sem teygja sig inn í júní eru ekki taldar með frá 1.júní heldur teljast með skráningum sl. árs/talningar.
- Hver skráð kennitala er talinn einu sinni innan hvers félags eða deilda. Þannig er sami iðkandinn talinn tvisvar ef viðkomandi t.d. æfir körfubolta með Þór og blak með KA, þ.e. talinn einu sinni hjá hvoru félagi. Sama fyrirkomulag er með iðkendur milli deilda innan sama félags.
- Aðildarfélög ÍBA sem eru ekki með þjónustusamning fá greitt samkvæmt reiknilíkaninu með eingreiðslu vikunum á eftir að iðkendatölur liggja fyrir.
- Aðildarfélög ÍBA sem eru með þjónustusamning fá greiðslur í samræmi við reiknilíkanið frá og með 1. janúar árið eftir að iðkendatölurnar liggja fyrir. Greiðslur dreifast á 12 mánuði.
- Fræðslu- og lýðheilsuráð metur breytingar á 100% framlagi við gerð fjárhagsáætlunar hvers árs.
- Framlög reiknilíkansins eru með fyrirvara um framlög úr bæjarsjóði á fjárhagsáætlun hvers árs.
- Til að aðildarfélög ÍBA teljist styrkhæf skv. Reiknilíkaninu þurfa félögin að uppfylla eftirfarandi skilyrði:
 - Vera fyrirmyn darfélag ÍSÍ, sbr. Fylgiskjal 1.
 - Notast við rafrænt skráningarkerfi (t.d. Sportabler) og veita ÍBA og forstöðumanni íþróttamála aðgang að sínu kerfi varðandi upplýsingar um fjölda skráninga og námskeiða.

Reiknilíkan og forsendur fyrir framlagi til faglegs starfs aðildarfélaga ÍBA

Forsendur				Framlag		
Flokkur	Fjöldi iðkenda 5-19 ára	Yfirstjórn	Faglegt starf	Yfirstjórn	Faglegt starf	Samtals
I	1-99		3%		315.000	315.000
II	100-199		6%		630.000	630.000
III	200-299		10%		1.050.000	1.050.000
IV	300-399		15%		1.575.000	1.575.000
V	400-499		20%		2.100.000	2.100.000
VI	500-599	25%	25%	2.625.000	2.625.000	5.250.000
VII	600-699	30%	30%	3.150.000	3.150.000	6.300.000
VIII	700-799	35%	35%	3.675.000	3.675.000	7.350.000
VI	800-899	40%	40%	4.200.000	4.200.000	8.400.000
VII	900-999	45%	45%	4.725.000	4.725.000	9.450.000
VIII	1000-1099	50%	50%	5.250.000	5.250.000	10.500.000
IX	1100-1199	55%	55%	5.775.000	5.775.000	11.550.000
X	1200-1299	60%	60%	6.300.000	6.300.000	12.600.000
XI	1300-1399	65%	65%	6.825.000	6.825.000	13.650.000
XII	1400-1499	70%	70%	7.350.000	7.350.000	14.700.000
XIII	1500-1599	75%	75%	7.875.000	7.875.000	15.750.000
XVI	1600-1699	80%	80%	8.400.000	8.400.000	16.800.000
XVII	1700-1799	85%	85%	8.925.000	8.925.000	17.850.000
XVIII	1800-1899	90%	90%	9.450.000	9.450.000	18.900.000
XIX	1900-1999	95%	95%	9.975.000	9.975.000	19.950.000
XX	2000+	100%	100%	10.500.000	10.500.000	21.000.000

Þessar fjárhæðir eru með fyrirvara um framlög úr bæjarsjóði á fjárhagsáætlun hvers árs.



Fylgiskjal nr. 3 - Gátlisti v/ gæðakrafna og faglegs starfs

<i>Gátlisti v/ gæðakrafna og faglegs starfs</i>					
1	Skipulag félags/deildar:				
a	Starfað er í samræmi við stefnuvirlýsingu ÍSÍ um íþróttir barna og unglings:				
b	Skipurit er til staðar:				
c	Markmiðssetning félags/deildar er skýr og er til opinberlega:				
d	Hefur starfsskýrslu ÍSÍ verið skilað?				
2	Fjármálastjórn:				
a	Er bókhald yngri og eldri flokka aðskilið eða stefnt að því?				
b	Er bókhald fyrir einstök mannvirki aðskilið?				
c	Fjárhagsáætlun fyrir rekstrarárið liggur fyrir og hefur verið skilað til ÍBA og Akureyrbærjar:				
3	Þjálfun og umgjörð þjálfunar og keppni:				
a	Félagið/deildin hefur látið útbúa kennslu- og æfingaskrá:				
b	Þjálfarar hafa menntun samkvæmt kröfum ÍSÍ:				
c	Aðstoðarþjálfarar eru til staðar ef um stóra hópa er að ræða:				
d	Samráðsfundir eru haldnir á meðal þjálfara:				
e	Æfingatafla liggur fyrir í byrjun ágúst ár hvert:				
4	Félagsstarf:				
a	Starfandi eru foreldraráð eða ígildi þess og verksvið þess er skilgreint:				
b	Ungt fólk 16-25 ára á fulltrúa/áheyrnaraðila í stjórn félagsins eða félagið er með starfandi ungmannaráð:				
c	Áætlun um félagsstarf liggur fyrir:				
d	Félag/deild hefur mótað sér stefnu í fræðslu og forvarnarmálum:				
e	Félag/deild hefur mótað sér stefnu í umhverfismálum:				
5	Jafnréttismál:				
a	Félag/deild sinnir til jafns kröfum beggja kynja til íþróttaiðkunar:				
b	Tekið er tillit til mismunandi þjóðfélagshópa:				
c	Félag/deild hefur sótt um stuðning til að tryggja fötluðu barni þáttöku:				
5	Fræðslumál og annað:				
a	Forvarnarfræðsla á vegum forvarnar- og frístundardeilda fyrir þjálfara hefur farið fram á vegum Akureyrbærjar				
b	Félagið er með siðareglur				
c	Félagið er með viðbragðsáætlun og verkferla sem skal fylgja þegar upp koma atvik eða áföll sem kunna að hafa áhrif á starfsemi félagsins.				
d	Félagið hefur skilað ársskýrslu og ársreikningi				
e	Félagið flokkar rusl				

Skýringar:

+ í lagi, (+) vantar örliðið uppá, / að hluta, (/) er í lágmarki, - vantar, ? þarf að athuga, X á ekki við

Deildarstjóri íþróttamála og ÍBA vinna að eftirfylgni samningsins og gera með sér samkomulag um verksvið hvors aðila. Mat á framkvæmd samningsins skal meðal annars miðast að því að meta hvort íþróttafélag uppfylli ofangreindan matslista. Ef íþróttafélag uppfyllir ekki 90% atriða skal gefa viðkomandi íþróttafélagi tímabundið tækifæri til úrbóta. Verði að þeim fresti loknum ekki búið að uppfylla nægilegan hluta viðmiða hættir Akureyrbær að greiða viðkomandi félagi greiðslur vegna þjónustusamnings þangað til ný úttekt hefur farið fram.



Fylgiskjal nr. 4 - Efnistök ársskýrslu

- **Tölfraðilegar upplýsingar;** s.s. heimsóknir í mannvirkin (iðkendur, gestir, áhorfendur), nýting á tímum, hve margir tímar í notkun, útleigðir tímar utan ÍBA-tíma,
- **Rekstrar upplýsingar;** Helstu tölur úr rekstri félagsins og mannvirkisins/svæðisins; heildartölur v. launa, þjónustukaupa, vörukaupa, viðhald, styrkir, áætlun fyrir þessa liði. Í ársskýrslu skal tilgreint hvernig framlagi þessa samnings var varið
- **Viðburðar upplýsingar;** Helstu og stærstu viðburðir ársins í og við mannvirkin/svæðið.
- **Almennar upplýsingar;** Almennt og í grófum dráttum um starfsemina í og við mannvirkið/svæðið, s.s. hverjur eru að nota aðstöðuna, breytingar, framkvæmdir og viðhald, hlutverk.
- **Aðrar upplýsingar;** Aðrar hagnýtar og fróðlegar upplýsingar um starfsemina sem vert er að taka fram
- **Kyngreina** skal þessar upplýsingar eftir því sem við verður komið.

